

Uppbygging Íþróttafélagsins Bíldudal

Styrkurinn sem sótt er um, myndi nýtast við uppbyggingu, annarsvegar innra starfs félagsins, sem þarfnast aukinna krafta fagaðila og hinsvegar að efla aðstöðu til íþróttaiðkunar. Þörf er á endurnýjun búnaðar á íþróttasvæði Bíldudals, Völuvelli sem byggður var upp af sjálfboðaliðum í kringum árið 2000. Umsækjendur hafa reynslu af íþróttastarfi og munu verða í nánu samstarfi við önnur félög á svæðinu. Þrátt fyrir mikið starf við yngri flokka þarf að stuðla að aukinni þátttöku hjá eldri árgöngum ásamt því að auka framboð á Bíldudal.

Verkefninu var úthlutað 2.500.000 kr. árið 2016.

Í fræðslumál hefur félagið ráðstafað 400.000 kr. en félagið fékk Loga Geirsson til þess að koma til Bíldudals og halda fyrirlestur um heilsu og heilsusamlegan lífsstól. Ásamt því var hann með ummálmælingar, fitumælingar og leiðbeindi fólki í nýjum tækjasal sem Vesturbyggð opnaði fyrr á árinu í íþróttahúsi staðarins.

Áframhaldandi fræðslustarf er áætlað á árinu 2018, en félagið hefur fengið doktor Viðar Halldórsson til þess að koma og halda fyrirlestur fyrir foreldra um mikilvægi þess að börn stundi skipulagt íþróttastarf eða aðra afþreyingu í uppvextinum. Sá viðburður er áætlaður um 200.000 kr.

Eftirfylgni með fræðslufyrirlestrinum sem Logi Geirsson hélt verður einnig í boði árið 2018 og er áætlaður kostnaður um 200.000 kr. Þar verður fræðsla og eftirfylgni í formi ummálmælinga í boði.

Í búnað hefur félagið ráðstafað 300.000 kr. í ný úti fótboltamörk og 1.350.000 kr. í búnað til iðkunar á hástökki (nýrri dýnu ásamt slá og stoðum).